

Fiskgengd um teljara í Kambsfossi í Austurá í Miðfirði 2008

Ingi Rúnar Jónsson

**apríl 2009
VMST/0924**

Veiðimálastofnun

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími: 580-6300, Bréfasími: 580-6301
Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 1
Aðferðir	bls. 1
Niðurstöður og umræða	bls. 1

Töflur:

Tafla 1. Fjöldi smálaxa og stórlaxa sem gekk upp um teljara í Kambsfossi í hverjum mánuði sumarið 2008. bls. 2

Tafla 2. Fjöldi smálaxa og stórlaxa sem gekk upp um teljara í Kambsfossi frá 2002 til 2008. bls. 2

Myndir:

1. mynd. Fjöldi fiska sem gekk daglega upp um teljara í Kambsfossi í Austurá sumarið 2008. bls. 3

2. mynd. Lengdardreifing fiska sem gengu um teljara í Kambsfossi í Austurá sumarið 2008. bls. 3

3. mynd. Fjöldi fiska sem gekk um teljara í fiskvegi í Kambsfossi í Austurá 2008, skipt eftir tíma sólarhrings..... bls. 4

4. mynd. Uppsafnað hlutfall göngu smálaxa og stórlaxa um teljara í Kambsfossi í Austurá sumarið 2008. bls. 4

Útdráttur

Fiskteljari hefur verið staðsettur í fiskvegi í Kambsfossi í Austurá í Miðfirði síðan 1998. Sumarið 2008 voru skráðir 196 smálaxar og 48 stórlaxar upp um teljarann, en hann var virkur frá 4. júlí til 30. september. Mest af laxinum gekk um teljarann í seinni hluta júlímánaðar, en eftir það dró verulega úr göngunni og var hún lítil í september.

***Lykilorð:** fiskteljari, Austurá, lax, silungur, göngutími*

Inngangur

Fiskteljari (Árvaki) hefur verið staðsettur í fiskvegi í Kambsfossi í Austurá í Miðfirði frá árinu 1998 (1. mynd). Teljarinn er starfræktur árlega yfir göngutíma fiska. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir starfrækslu teljarans sumarið 2008 og birtar helstu niðurstöður talningarinnar.

Aðferðir

Árvaka fiskteljari var starfræktur í fiskvegi í Kambsfossi frá 20. júní til 30. september. Teljarinn fær orku með sólarrafhlöðu og skráir í minni göngutíma einstakra fiska, auk stærðar þeirra.



1. mynd. Árvaka fiskteljari í fiskvegi í Kambsfossi í Austurá. Myndin er tekin í júní 2001.

Í byrjun júlí kom fram bilun í teljaranum og var þá skipt út safnstöð hans. Við skoðun á stöðinni kom í ljós að ekki náðust

gögn af henni frá tímabilinu frá 20. júní til 4. júlí. Teljarabúnaðurinn er orðinn nokkuð gamall og því auknar líkur á bilunum í honum. Ljóst er að endurnýja þarf safnstöðina, en skoða þarf einnig hvort ekki væri rétt að endurnýja aðra hluta búnaðarins sem og festingar fyrir hann í fiskvegi..

Teljarinn mælir hæð (þykkt) fiska sem ganga um hann og er lengd hvers fisks umreiknuð út frá hæð hans. Niðurstöður skráningar úr stangveiði eru notaðar til samanburðar við úrvinnslu gagna, en m.a. þarf að ákvarða hæðar-/lengdarstuðul sem nota skal við umreikningana. Notaður var stuðullinn 6,2. Við úrvinnslu var miðað við að fiskur innan við 46 cm langur væri silungur, smálax (1 ár í sjó) 46 til 68 cm langur og stærri fiskar væru stórlaxar (2 ár í sjó).

Niðurstöður og umræða

Sumarið 2008 voru skráðir 260 fiskar upp um teljarann frá því 4. júlí til 30. september. Gangan skiptist í 196 smálaxa (80,3%) og 48 stórlaxa (19,7%) (2. mynd, tafla 1), auk 16 silunga. Gangan um teljarann var heldur meiri en árin á undan (tafla

2). Miðað við reynslu undanfarinna ára ganga fáir fiskar upp um teljarann fyrr en kemur fram í júlí. Í ljósi þess ekki ástæða til að ætla annað en að stærstur hluti göngunnar hafi verið talinn sumarið 2008, þrátt fyrir að gögn úr teljaranum nái aðeins yfir tímabilið frá og með 4. júlí. Flestir laxanna sem gengu upp um teljarann voru á bilinu 51 til 66 cm langir (3. mynd) og meira gengur síðla dags og á kvöldin en á öðrum tímum sólarhrings (4. mynd). Skráður afli á veiðistaði fyrir ofan við Kambsfoss sumarið 2008 var 114 smálaxar og 30 stórlaxar, en um 10 % laxveiðinnar er ekki skráð á veiðistað. Sé miðað við fjölda laxa sem skráðir eru á veiðistaði ofan Kambsfoss var veiðihlutfall þar 58 % fyrir smálax og um 63 % fyrir stórlax. Þetta er heldur hærra veiðalag en tvö undanfarin ár.

Af hlutfallslegri uppsafnaðri göngu laxa upp um teljarann, sést að 50 % af heildargöngu stórlaxa og smálaxa næst á svipuðum tíma sumars. Í upphafi er þó nokkru hærra hlutfall stórlaxa en smálaxa (5. mynd).


Tafla 1. Fjöldi smálaxa og stórlaxa sem gekk upp um teljara í Kambsfossi í hverjum mánuði sumarið 2008.

Mánuður	Smálax		Stórlax		Samtals	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Júlí	122	62,2%	32	66,7%	154	63,1%
Ágúst	58	29,6%	13	27,1%	71	29,1%
September	16	8,2%	3	6,3%	19	7,8%
Samtals	196		48		244	


Tafla 2. Fjöldi smálaxa og stórlaxa sem gekk upp um teljara í Kambsfossi frá 2002 til 2008.

	Ár						
	2002	2003	2004*	2005	2006	2007	2008*
Smálax	176	80	73	296	249	287	196
Stórlax	22	29	22	74	45	37	48
Samtals	198	109	95	370	294	324	244


* Teljari óvirkur hluta tímans




2. mynd. Fjöldi fiska sem gekk daglega upp um teljara í Kambsfossi í Austurá sumarið 2008, skipt í silung (blátt), smálax (grænt) og stórlax (gult).



3. mynd. Lengdardreifing fiska sem gengu um teljara í Kambsfossi í Austurá sumarið 2008.



4. mynd. Fjöldi fiska sem gekk um teljara í fiskvegi í Kambsfossi í Austurá 2008, skipt eftir tíma sólarhrings.



5. mynd. Uppsafnað hlutfall göngu smálaxa og stórlaxa um teljara í Kambsfossi í Austurá sumarið 2008.